



Borgarstjórin í Reykjavík

SKJALAVER HÖFDATORGI	
23. JAN. 2019	
Málsnr.:	2019010031
Bréfalykill: 030	

Reykjavík, 21. janúar 2019  
R19010293  
HBL/bp

## Íþrótt- og tómstundasvið

Bæjarhálsi 1  
110 REYKJAVÍK

### *Tillaga um mótun íþróttastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030*

Á fundi borgarstjórnar þann 15. janúar 2019 var svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna samþykkt:

Lagt er til við borgarstjórn að sett verði af stað vinna í samvinnu íþrótt- og tómstundasviðs og ÍBR varðandi framtíðarstefnumörkun í íþróttamálum í Reykjavík. Gildistími stefnunnar verði til 2030. Íþrótt- og tómstundasviði verði falið að stýra þessari vinnu í samvinnu og samráði við ÍBR. Hún skal hefjast í upphafi ársins 2019 og verði lokið fyrir 1. febrúar 2020. Skipaður verði stýrihópur og gerð skuli sérstök verkefnisáætlun vegna vinnunnar. Heimilt verði að ráða ráðgjafa til að starfa við einstaka þætti verkefnisins.

Greinargerð fylgir tillögunni  
Borgarfulltrúi Miðflokkssins sat hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Með tillögunni er lagt til að farið verið í mótu nýrrar íþróttastefnu til ársins 2030. Lagt er til að stefnan verði sett í viðtæku samstarfi Reykjavíkurborgar og ÍBR og í samráði við alla aðila sem láta sig málaflokkinn varða. Við fögnum þeirri vinnu sem nú á að fara af stað og vonumst til að hún leiði til enn blómlegra íþróttalífs í Reykjavík, jafnt á sviði almenningsíþrótt, sem og afreksíþrótt.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Þessi tillaga um íþróttastefnu til ársins 2030 er góð. Borgarfulltrúi Flokks fólksins saknar þó ákveðinna þáttu og telur að taka eigi inn í stefnu þessa einnig tómstundastarfíð þannig að talað sé um íþrótt- og tómstundastarf samhliða. Í þessu sambandi má nefna að víða um borgina er aðstaða fyrir tómstundir sem ekki er

fullnýtt. Hér má nefna smíðastofur eða aðstöðu til að smíða, tálga og renna. Hvað varðar börnin þarf að gæta þess að raddir þeirra fái ávallt að heyrast þegar talað er um þætti í þeirra lífi og að í stýrihópnum verði fullgildir fulltrúar barna og unglings. Loks má ekki gleyma að ávarpa brottfall unglings úr íþróttum en það er vandamál sem kannski fer ekki alltaf hátt. Hvaða leiðir hefur borgin upp á að bjóða til að hjálpa börnum og sérstaklega unglungum að haldast í íþróttu- og tómstundastarf? Og meira um börnin. Það er afar mikilvægt að börn fái tækifæri, óski þau þess að spreyta sig í ólíkum íþróttagreinum því eins og við vitum þá getur ein íþróttagrein hentað barni á einum tíma en önnur á öðrum tíma. Því fyrr sem barn kynnist ólíkum íþróttagreinum því minni líkur eru á brottfalli að mati borgarfulltrúa Flokks fólksins. Þetta hafa einnig fjölmargar rannsóknir sýnt.



Helga Björk Laxdal  
e.u.

Hjálagt:  
Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna

## Borgarstjórn

### 15. janúar 2019

#### Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrri grænna um mótun íþróttastefnu til ársins 2030

Lagt er til við borgarstjórn að sett verði af stað vinna í samvinnu ÍTR og ÍBR varðandi framtíðarstefnumörkun í íþróttamálum í Reykjavík. Gildistími stefnunnar verði til 2030. ÍTR verði falið að stýra þessari vinnu í samvinnu og samráði við ÍBR. Hún skal hefjast í upphafi ársins 2019 og verði lokið fyrir 1. febrúar 2020. Skipaður verði stýrihópur og gerð skal sérstök verkefnisáætlun vegna vinnunnar. Heimilt verði að ráða ráðgjafa til að starfa við einstaka þætti verkefnisins.

#### Greinargerð:

Í tillögunni er lagt til að mörkuð verði stefna fyrir íþróttamál í borginni til 2030. Núgildandi stefna nær til ársins 2020 og var hún unnin í náinni samvinnu við íþróttahreyfinguna í borginni. Meðal þess sem verði fjallað um verði að jafna möguleika áhugasams ungs fólks til íþróttapáttöku, óháð efnahag eða öðrum þáttum, leiðir til að stuðla að aukinni og reglulegri hreyfingu íbúa borgarinnar og hlutverk íþróttafélaganna í að stuðla að almennri hreyfingu borgarbúa, ekki síst þeirra sem komnir eru á efri ár.

Lagt verði mat á rekstrarumhverfi og rekstur íþróttahreyfingarinnar, aðstöðumál og sett fram stefna og framtíðarsýn hvað þessa þætti varðar.

Í upphafi vinnunnar verði framkvæmt stöðumat sem meðal annars feli í sér eftirfarandi atriði:

- i) Stöðumat á framfylgd gildandi íþróttastefnu og stefnu um sundlaugar
- ii) Yfirlit um þáttöku í æfingum og starfsemi íþróttafélaga, brotið niður eftir hverfum, aðsókn í sund og aðra heilsurækt og framboð af íþróttum og hreyfingu í borginni. Jafnframt verði veitt heildaryfirlit um stuðning við börn og ungmenni í gegnum frístundakort og stuðning velferðarsviðs og eldri borgara og öryrkja í gegnum ókeypis aðgang að sundlaugum og niðurgreiðslu á annarri hreyfingu.
- iii) Rekstrarúttekt á íþróttafélögum og fjárhagslegu umhverfi þeirra félaga sem njóta styrkja frá borginni.
- iv) Yfirlit um fjárfestingu í núverandi íþróttamannvirkjum, völlum og aðstöðu, sbr. kortlagningu mannvirkjanefndar ÍBR, þ.m.t. fasteignir, lönd og lóðir, sundlaugar, golfvelli, aðstöðu hestaíþróttarinnar, samgöngu- og útvistarstíga, íþróttahús við skóla og battavelli á skólalóðum.

Unnar verði tillögur að framtíðarsýn og aðgerðaáætlun út frá lykilmarkmiðum um að jafna aðstöðu til þáttöku, mikilvægi hreyfingar fyrir alla aldurshópa og um öflugt íþróttastarf um alla borg. Í skilgrein verði meðal annars fjallað um mögulega hverfaskiptingu íþróttafélaganna, áætlun um uppbyggingu íþróttamannvirkja, stefnumótun borgarinnar og félaganna, rekstrarmál íþróttafélaga, bjónustu og starfsemi félaganna og rekstur íþróttamannvirkja borgarinnar. Einnig verði mörkuð stefna varðandi stuðning borgarinnar í gegnum frístundakort, stuðning við almenningsíþróttir, afreksíþróttir, sérsambond, landslið og afnot þeirra af borgarmannvirkjum.

Áfangaskýrslu skal skilað um nokkur lykilatriði, svo sem hverfaskiptingu, mannvirkjamál og rekstrarmál fyrir 1. maí 2019.